

Fimmtudagurinn 17. september 1998 kl. 12:00

115. fundur samkeppnisráðs

Álit nr. 11/1998

Fyrirhuguð kaup Barra hf. á rekstri Fossvogsstöðvarinnar ehf.

I.

Erindið

Samkeppnisstofnun barst erindi, þann 12. ágúst sl., frá Bjarna G. Björgvinssyni hdl. fyrir hönd Barra hf. Er þess óskað, á grundvelli 3. mgr. 18. gr. samkeppnislaga, að samkeppnisráð meti hvort kaup Barra á rekstri Fossvogsstöðvarinnar fari í bága við samkeppnislög.

Í erindinu kemur fram að Barri, sem eru í eigu 135 hluthafa, reki gróðrarstöð á Egilsstöðum. Félagið framleiði plöntur í 2000 fermetra gróðurhúsi, sem sérhæft er til skógarplöntuframleiðslu. Barri hafi framleitt árlega allt að 2 milljónir skógarplantna á undanförunum árum og hefur reksturinn gengið vel og skilað hagnaði. Vegna minnkandi framleiðslu er gert ráð fyrir taprekstri á yfirstandandi og næsta ári. Einnig kemur fram í erindinu að Fossvogsstöðin sé í eigu Skógræktarfélags Reykjavíkur og hafi átt í verulegum rekstrarörðugleikum á undanförunum árum. Fossvogsstöðin framleiðir mest garðplöntur en á undanförunum árum hefur stöðin einnig framleitt nokkuð af skógarplöntum, en sú framleiðsla hefur dregist mjög saman.

Þá segir í erindinu að síðastliðinn vetur hafi verið boðin út framleiðsla á 2,6 millj. skógarplöntum fyrir Héraðsskóga, Suðurlandsskóga og Skógrækt ríkisins. Bæði Barri og Fossvogsstöðin buðu í framleiðsluna en tilboðum beggja þessara félaga var hafnað. Seinna náði Barri þó framleiðslusamningi við Héraðsskóga um 800 þúsund skógarplöntur eftir að samstarfsútboð hafði farið fram. Þetta er eini ræktunarsamningur Barra en Fossvogsstöðin hefur enga ræktunarsamninga fyrir skógarplöntur.

Með erindinu fylgdi viljayfirlýsing Barra og Fossvogsstöðvarinnar þess efnis að stefnt sé að því að Barri kaupi rekstur Fossvogsstöðvarinnar. Fossvogsstöðin mun fá greitt fyrir reksturinn með hlutabréfum í Barra sem nemur 24,5% eignarhluta.

II.

Álit samkeppnisráðs

1.

Á fundi samkeppnisráðs, þann 17. september 1998, var mál þetta afgreitt. Fundinn sátu Brynjólfur Sigurðsson, Atli Freyr Guðmundsson, Karitas Pálsdóttir, Ólafur Björnsson og Skarphéðinn Þórisson.

2.

Í erindi Barra, frá 12. ágúst er á grundvelli 3. mgr. 18. gr. samkeppnislaga, leitað álits samkeppnisráðs á fyrirhuguðum kaupum Barra á rekstri Fossvogsstöðvarinnar. Lagaákvæðið kveður á um að aðilar sem hyggi á samruna eða yfirtöku, geti leitað álits samkeppnisráðs fyrir fram á því hvort hinn fyrirhugaði gjörningur leiði til markaðsyfirræða, dragi verulega úr samkeppni og sé andstæður markmiði samkeppnislaga. Ákvæðið nær einnig til þess ef eigendur með virk yfirræð í einu fyrirtæki hyggjast ná virkum yfirræðum í öðru fyrirtæki og óska eftir vitneskju um hvort slíkt brjóti gegn markmiði laganna. Samkeppnisráð hefur sex vikur til að taka afstöðu til óskar um álit fyrir fram.

3.

Stærsti framleiðandi skógarplantna er Skógrækt ríkisins. Stærstu verkefni vegna skógræktar hafa verið Héraðsskógar og Landgræðsluskógar. Suðurlandsskógar er næsta stóra verkefnið. Framleiðsla Barra á síðustu árum hefur verið eftirfarandi af skógarplöntum:

Ár	Afhentar plöntur frá Barra	Gróðursettar skógarplöntur	Prósentu-hluttur Barra
1994	1.095.150	4.278.000	26%
1995	1.910.769	4.354.000	44%
1996	1.660.000	3.518.457	47%
1997	1.816.574	svipað og '96	rúm 50%

Hlutur Barra í framleiðslu á skógarplöntum er mismikill eða frá 26% árið 1994 til tæplega 50% árið 1996. Ekki eru til upplýsingar um hvað mikið hafi verið gróðursett fyrir árið 1997 en áætlað er að það hafi verið svipað magn og á árinu 1996. Samkvæmt upplýsingum frá Skógræktarfélagi Íslands verða álíka margar skógarplöntur gróðursettar á árunum 1998 og 1999 og gróðursettar voru árið 1994. Hlutur Barra af því sem þá verður gróðursett mun verða um 900 þúsund plöntur, eða um 20% af heildarmagninu.

4.

Ekki eru til nægilega góðar upplýsingar um hve stór markaðurinn fyrir sölu á garðplöntum er hér á landi. Félag garðplöntuframleiðenda hefur þó áætlað að veltan hjá garðplöntuframleiðendum á markaðssvæðinu sem nær frá Reykjavík til Hveragerðis sé um 130 m.kr. Velta Fossvogsstöðvarinnar á árinu 1997 var rúmlega 40 m.kr. og er það til viðbótar fyrrnefndri upphæð. Hluti af þeirri framleiðslu eru skógarplöntur. Miðað við þær forsendur er markaðshlutdeild Fossvogsstöðvarinnar minna en 25% á ofangreindu markaðssvæði. Stærsti viðskiptavinur Fossvogsstöðvarinnar var Reykjavíkurborg en hún hefur dregið verulega úr kaupum á plöntum. Ástæðan er minni gróðursetning auk þess sem Reykjavíkurborg framleiðir sjálf plöntur til eigin nota.

5.

Ekki er hár stofnkostnaður við að setja upp gróðurhús til að framleiða skógarplöntur og garðplöntur. Heildarkostnaður samkvæmt þeim upplýsingum sem aflað hefur verið er áætlaður nálægt 3 millj. kr. miðað við hús sem framleitt getur allt að 150 þús. skógarplöntur á ári. Inni í þeirri upphæð er kostnaður við gróðurhús, uppsetningu, veitulögn og helstu tæki sem til þarf.

6.

Með sameiningu Barra og Fossvogsstöðvarinnar er ætlunin að ná fram hagræðingu, m.a. í yfirstjórn og innkaupum og þannig auka samkeppnishæfni stöðvanna á skógarplöntumarkaði. Auk þess er ætlunin að auka möguleika Barra í annarri trjáplöntuframleiðslu. Einnig opnast nýir markaðsmöguleikar fyrir Barra á því að hafa dreifingarstöðvar fyrir skógarplöntur á Egilsstöðum og í Reykjavík.

7.

Ríkið er stærsti kaupandinn af skógarplöntum hér á landi. Kaupin eru gerð á grundvelli útboða. Því getur markaðshlutdeild breyst verulega milli ára enda hefur markaðshlutdeild Barra dregist saman á þessu ári miðað við undanfarin ár. Engar aðgangshindranir eru inn á þá markaði sem hér um ræðir og ekki þarf að leggja í mikla fjárfestingu til að komast inn á markaðinn. Loks er þess að geta að Barri og Fossvogsstöðin starfa aðeins að hluta á sama markaði.

Með vísan til þess sem að framan hefur verið rakið er það álit samkeppnisráðs að fyrirhugaður samningur muni ekki leiða til markaðsyfirráða, né dragi hann verulega úr samkeppni á viðkomandi mörkuðum. Hann er því að mati ráðsins ekki andstæður markmiði samkeppnislaga. Samkeppnisráð mun því ekki grípa til íhlutunar á grundvelli 18. gr. samkeppnislaga vegna samnings um kaup Barra á rekstri Fossvogsstöðvarinnar.